

# 17. framkvæmda- og veitustjórnar

17. framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn 9. september 2015 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

**Mætt:** Gunnar Egilsson, formaður, D-lista, Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista, Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista, Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista, Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-listi, Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri.

## Dagskrá:

<b>Almenn afgreiðslumál</b>	
<b>1.</b>	<b>1509020 – Upplýsingaskilti og bannmerki í Árborg 2015</b>
	Farið yfir 9. grein lögreglusamþykkt Árborgar þar sem eftirfarandi kemur fram „Eigi má gista í tjöldum, húsbílum, hjólhýsum og tjaldvögnum á almannafæri í þéttbýli utan sérmerktra svæða“. Rætt um ábendingar sem borist hafa vegna brota á ákvæðinu. Framkvæmda- og veitustjóra falið að koma með tillögu að gerð skilta og staðsetningu.
<b>2.</b>	<b>1509018 – Endurnýjun götulýsingar 2015</b>
	Framkvæmda- og veitustjóri kynnti drög að útboðsgögnum vegna endurnýjun á götulömpum í Árborg. Samþykkt að bjóða út ljóstvist lampa (LED ljós) fyrir Lambhaga og Laufhaga.
<b>3.</b>	<b>1509022 – Styrkir til uppsetningar á varmadælum í Árborg 2016</b>
	Stjórnin samþykkir að auglýsa eftir styrkumsóknum til uppsetningar á varmadælum í samræmi við samþykktar reglur og fjárhagsáætlun 2016.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:15

Gunnar Egilsson  
Ragnheiður Guðmundsdóttir  
Ingvi Rafn Sigurðsson  
Viktor Pálsson  
Helgi Sigurður Haraldsson  
Jón Tryggvi Guðmundsson